

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2003

Með bréfi samgönguráðuneytisins dags. 29. apríl 2003 var úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála framsend kæra Vox ehf. á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 19. febrúar 2003. Kæran barst ráðuneytinu 9. apríl 2003.

Þar sem formaður nefndarinnar, Ólafur Garðarsson hrl., lýsti sig vanhæfan í málinu, tók Lára V. Júlíusdóttir hrl. sæti hans.

Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar er dagsett 19. febrúar 2003. Á fylgibréfi Póst- og fjarskiptastofnunar sést að bréfið hefur verið sent sem símbref þann sama dag til Vox ehf., sem er kærandi máls þessa. Kæran barst hins vegar ekki til úrskurðarnefndar fyrr en 9. apríl 2003.


Í l. mgr. 10. gr. l. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun segir svo:

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun eða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrjú menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.


Með vísan til l. mgr. 10. gr. l. 110/1999 hefur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála komist að eftirfarandi niðurstöðu:


- Þar sem kæra máls þessa barst eftir að meira en fjórar vikur voru liðnar frá því að kæranda var kunnugt um ákvörðun eða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar er henni vísað frá úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sem of seint fram kominni.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála


Lára V. Júlíusdóttir formaður

Guðjón Káráson




Heimir Haraldsson